

um, með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru **134** leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi ofanefndu brjefi stiptsyfir-27. ágúst valdanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðun-argjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum frá lántökudegi að telja, með jöfnum afborgunum, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, bæjardyr, búr, eldhús og skemma, að sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaabyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um afgreiðslugjald af skipi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að 27. júní þ. á. hafi komið til Akaraness beint frá útlöndum kúttar Nyanza frá Grímsby, sem kaupmaður Thor Jensen hafi keypt til fiskiveiða, og hafi skipstjórinn hvorki sýnt skipsskjöl nje greitt neitt afgreiðslugjald, þótt skipið væri með saltfarm; sömuleiðis hafi nefndur kaupmaður færzt undan því að greiða afgreiðslugjaldið af þeirri ástæðu að skipið hafi verið útbúið heimanað sem fiskiskip og ekki haft annað meðferðis en salt. Jafnframt þessu hafið þjer tekið það fram, að yður þætti nokkuð vafasamt, hvort skipstjórinn í þessu tilfelli hafi átt að sýna skipskjöl og greiða afgreiðslugjald, og því borið málið undir mig.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustustamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að enginn efi getur leikið á því að þau skip, er vöru flytja til landsins frá útlöndum, eiga að sýna skjöl sín og greiða afgreiðslugjald sem verzlunarskip, jafnt fyrir því þótt þau annars sje notuð til fiskiveiða, og kemur það auðvitað ekki til greina, hvort vara sú, er flutt er, er salt eða önnur vara. Ber yður því að heimta afgreiðslugjald af hinu umgetna skipi.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán uppá tekjur **136** 7. sept.